



Færri og vistvænni bílar nýskráðir

Nýskráðum fólksbifreiðum fækkar á sama tíma og bílum knúnum áfram af vistvænum orkugjöfum fjölga hlutfallslega mikið.

Í fyrra voru um 13.700 bifreiðar nýskráðar hér á landi og fækkaði skráningum um 36% milli ára. Þessi mikli samdráttur kemur þó ekki sérstaklega á óvart þar sem nýskráningum hafði fjölgað verulega á síðustu árum, meðal annars í takt við fjölgun ferðamanna.

Færri ferðamenn kalla á færri bílaleigubíla

Nýskráningar fóru úr því að vera um 12.000 talsins árið 2014 í tæplega 26.000 þegar mest lét árið 2017. Ferðapjónustan var í miklum blóma á þessum árum, komur ferðamanna fóru úr því að vera innan við hálf milljón á ári á árunum 2005-2010 í tæplega milljón árið 2014 og svo 2,2 milljónir talsins árið 2017. Eðli málsins samkvæmt þurfti að auka mjög við bílaleigufloata landsins á þessum árum sem skýrir eflaust stóran hluta aukinna nýskráninga. Það kemur því ekki á óvart að nýskráningum hafi svo fækkað í takt við fækkun ferðamanna, en 14% færri ferðamenn komu til landsins í fyrra samanborið við árið 2018.


Vistvænir bílar njóta vinsælda

Nýskráningum fækkar, en þær taka einnig breytingum í átt að auknu vægi vistvænni bíla. Rúmlega 30% allra nýskráðra bifreiða í fyrra voru raf- eða tvinnbílar samanborið við 5% árið 2014. Vinsældir bíla sem eru að hluta til, eða öllu leyti, knúnir áfram af orkugjöfum öðrum en bensíni eða dísel hafa þannig aukist verulega á síðustu árum.

Árið 2014 voru um 480 raf- eða tvinnbílar nýskráðir hér á landi. Árið 2018 hafði fjöldinn tífaldast en þá voru rúmlega 4.800 bílar af slíkri gerð nýskráðir. Í fyrra dróst fjöldinn örlítið saman og þá voru nýskráðir 4.200 raf- og tvinnbílar. Þetta er 13% samdráttur milli ára, en þó mun minni samdráttur en var á skráningu bifreiða sem ganga eingöngu fyrir dísel eða bensíni.


Fyrstu gögn varðandi árið í ár benda til þess að vistvænir bílar verði vinsælli en nokkru sinni fyrr. Af

Nýskráning fólksbifreiða




Heimild: Samgöngustofa

Hlutdeild nýskráninga eftir orkugjöfum



Heimild: Samgöngustofa, Hagfræðideild Landsbankans

Hlutfallsleg breyting milli ára á fjölda nýskráninga




Heimild: Samgöngustofa, Hagfræðideild Landsbankans



Þeim 823 fólksbifreiðum sem voru nýskráðar í janúar voru raf- eða tvinnbílar 55%, eða 451 talsins samkvæmt upplýsingum á vef Samgöngustofu.

Eldsneytiskaup drógust lítillega saman í fyrra

Í takt við þessa þróun drógust eldsneytiskaup Íslendinga lítillega saman í fyrra, eða alls um 0,5% milli ára, miðað við fast eldsneytisverð. Þetta er ekki ýkja mikil breyting, en þó til marks um minni notkun bensín- og díselbifreiða. Ef fram fer sem horfir og hlutfall raf- og tvinnbíla heldur áfram að aukast má búast við meiri samdrætti í eldsneytiskaupum á næstu misserum.



Mánaðarleg kortavelta til eldsneytiskaupa raunvirt með undirvísitölu VNV sem mælir verðþróun á bensíni og olíu. Heimild: Rannsóknarsetur Verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.